Tengja netbókanir við vefsíðu

Síðast uppfært 02/09/2026 3:48 pm BST

Það eru þrjár leiðir til þess að birta Noona prófílinn þinn og þar með leyfa viðskiptavinum að bóka hjá þér á netinu:


- Á þinni eigin vefsíðu.
- Í Noona appinu.
- Á noona.is

Mismunandi möguleikar

Bókunartakki á vefsíðu

Virkar þannig að inn á heimasíðunni þinni ertu með takka sem hægt er að smella á og í kjölfarið opnast nýr bókunargluggi inn á prófílinn þinn á Noona.

1. Farðu í **Valmyndina -> Stillingar -> Netbeiðnir -> Sýnileiki.**
2. Skrollaðu niður þangað til þú finnur **"Vefslóð".**
3. **Afritaðu** vefslóðina sem birtist þar undir og bættu henni við inn á heimasíðuna hjá þér.




Bókunargluggi á vefsíðu

Virkar þannig að inn á heimasíðunni þinni er bókunargluggi og viðskiptavinir geta þá bókað tíma hjá þér án þess að þurfa að hoppa yfir á aðra síðu.

1. Farðu í **Valmyndina -> Stillingar -> Netbeiðnir -> Sýnileiki.**

2. Skrollaðu niður þangað til þú finnur **"Tengingar".**

3. **Afritaðu** kóðabútinn og bættu honum við inn á heimasíðuna hjá þér.



Sérsniðið útlit netbókana

Ef þú vilt sérsníða útlitið á netbókunum inn á vefsíðunni þinni þá getur þú notað API-inn okkar til þess að framkvæma það. Virkar líkt og að vera með bókunarglugga á vefsíðu nema þetta gerir þér kleift að vera með þitt útlit á netbókunum.

> Hvort sem viðskiptavinur bókar í gegnum þína eigin vefsíðu, á Noona appinu eða á Noona.is þá lenda allar netbókanirnar inn á Noona HQ dagatalinu þínu.

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef að þú lendir í vandræðum ❤
